

# Fundargerð

*22. fundur í umhverfis- skipulags- og bygginganefnd.*

*Þriðjudaginn 6. Janúar 2009 kom USB saman til fundar í kaffistofu Þórsvers.*

Mætt: Sigurður J. Jónsson, Vífill Þorfinnsson, Steinn Karlsson og Jóhanna Helgadóttir. Einnig sátu fundinn Björn Ingimarsson, sveitarstjóri, Halldór Jóhannsson og Hildur Stefánsdóttir frá Teikn á lofti.

Fundur hófst kl. 12.15.

## Dagskrá.

1. Íbúafundur um aðalskipulagsgerð í Langanesbyggð.
2. Námskeið í skipulagsmálum.
3. Reglur um kattahald í Langanesbyggð.
4. Verkefni og áherslur 2009
5. Önnur mál.

Umræður um að halda námskeið fyrir nefndarmenn í skipulagsmálum í janúar og hafa íbúafundinn í febrúar. Óskað eftir tilboði frá Teikn á lofti í námskeiðið og stefnt að því að halda það laugardaginn 17. eða 24. Janúar.

Halldór og Hildur fóru yfir markmið og framtíðarhorfur í aðalskipulagsmálum Langanesbyggðar. Einnig sýndu þau nokkrar lausnir á bílastæðamálum í Austurvegi og Vesturvegi. Ákveðið að taka lóðarmál í Vesturvegi til endurskoðunar og í deiliskipulag.

Fresta þarf öðrum dagskrárliðum til annars fundar. Fundartími ákveðinn kl. 12.00 þriðjudaginn 13. Janúar n.k.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:40.

Jóhanna Helgadóttir, ritari.